

Fundargerð – 572. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeýðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 9. september 2025, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík.

Mættir: Önnundur Jónasson, Eiður Ævarsson, Steinþór Þórðarson og Svavar Grétarsson.

Fjarverandi: Nýr fulltrúi Grindavíkur boðaði forföll og varamaður einnig. Ingbór Guðmundsson fulltrúi Voga og boðaði varamann, Evu Björk Jónsdóttur.

Aðrir: Davor Lucic var viðstaddur fyrsta fyrsta og annan dagskrárlið.

Dagskrá:

1. Innleiðing breyttra grenndarstöðva
2. Erindi frá Reykjanesbæ um rekstur á jarðvegstipp
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Byggingaráform á lóð Kölku
5. Framtíð úrgangsinnsviða á Suðurnesjum - Tillaga
6. Önnur mál

1. Innleiðing breyttra grenndarstöðva

Breytingar á grenndarstöðvum á Suðurnesjum hafa verið í undirbúningi í tæpt ár. Í mars var kynnt lausn sem varð fyrir valinu hjá Reykjanesbæ og önnur sveitarfélög hafa ekki hreyft mótbárum við þeirri útfærslu. Helsti munurinn liggur í stærri gámum fyrir pappírs- og plastefni, gámum fyrir fatnað og annan textíl sem bætast við núverandi útfærslu og minni ílát undir málma og gler.

Stjórn Kölku beinir þeim tilmælum til sveitarfélaganna að bæta úr þegar í stað og upplýsa stjórnendur í Kölku um aðgerðir svo hægt verði að klára þessa breytingu.

2. Erindi frá Reykjanesbæ um rekstur á jarðvegstipp

Framkvæmdastjóri upplýsti að Reykjanesbær hafi óskað eftir samtali við Kölku um rekstur á nýjum jarðvegs- og jarðefnatipp. Hugmyndin er að hann verði mannaður og að Kalka leggi til starfsmann sem m.a. annast innheimtu fyrir losun.

Stjórn Kölku tekur vel í þetta erindi og felur framkvæmdastjóra að vinna með Reykjanesbæ að ítarlegri lýsingu á verkefninu og forsendum í samstarfi. Mikilvægt er að lýsingin dugi til að taka endanlega ákvörðun um samstarf á stjórnarfundum 14. október næstkomandi.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir það helsta úr rekstrinum frá síðasta fundi og sagði m.a. frá atviki 20. ágúst þegar eldur kom upp í endurvinnsluplaninu í Helguvík. Viðbrögð starfsmanna voru til fyrirmyndar en slökkvilið var kallað til eftir misheppnaðar tilraunir til að slökkva eldinn. Í framhaldinu var haldinn fundur með gesti frá Slökkviliðinu á Suðurnesjum þar sem farið fyrir yfir viðbrögð, hugsanlegar orsakir og aðgerðir til að forðast atvik sem þetta.

Brennsla í ágúst var nálægt meðallagi eða rétt tæp 1500 kg. á klukkustund að meðaltali.

Upplýst var að útskipun á flugösku fari fram í þessari viku, sú fyrsta síðan í mars 2022.

Einnig kom fram að Matvælastofnun og Umhverfisstofnun heimsæki Kölku seinna í vikunni vegna fyrirhugaðrar aukningar á brennslu dýraleifa.

Þá er einnig verið að skoða að bæta nýtingu á orku frá brennslunni og greint frá heimsókn verkfræðings vegna þessa.

4. Byggingaráform á lóð Kölku

Upplýst var að Verkfræðistofa Suðurnesja vinni, að beiðni Kölku, að ítarlegri lýsingu og söfnun nauðsynlegra upplýsinga til að hægt sé að taka ákvörðun um framhaldið.

5. Framtíð úrgangsinnsviða á Suðurnesjum - Tillaga

Framkvæmdastjóri reifaði hugmynd um að efna til samtals við eigendur Kölku um hugsanlegar sviðsmyndir af þörf Suðurnesja fyrir innviði í úrgangsmálum til framtíðar og setja þær í samhengi við núverandi stöðu í Helguvík. Stjórn tekur vel í hugmyndina en leggur áherslu á góðan undirbúning og samstarf við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Framkvæmdastjóra er falið að gera áætlun um undirbúning fundar og vinnustofu og í samráði við sveitarfélögin. Stefnt verði að því að vinnustofan verði haldin í tengslum við haustfund SSS, haustið 2026.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru lögð fram á fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:57.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 14. október 2025.

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Eva Björk Jónsdóttir

Steinþór Þórðarson